

## Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 3. gr. 6. tölul. falli brott.
2. Við 6. gr.
  - a. Í stað orðanna „fylgiskjali II“ í n-lið og „fylgiskjal II“ í x-lið 1. mgr. komi (í við-eigandi beygingarfalli): viðauki II.
  - b. Í stað orðsins „ábyrgðartryggingu“ í w-lið 1. mgr. komi: ábyrgðir og tryggingar.
3. Við 8. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar. Heimilt er að binda undanþáguna skilyrðum, svo sem um að hreinsun fari fram.
4. Við 16. gr.
  - a. Í stað orðanna „fylgiskjali I“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. komi: a-lið viðauka I.
  - b. Á eftir orðunum „taka ábyrgðartryggingu“ í 2. másl. 1. mgr. komi: eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda.
5. Við 18. gr. Í stað orðanna „fylgiskjali I“ í 1. másl. 1. mgr. komi: a-lið viðauka I; og í stað sömu orða í 2. másl. 1. mgr. komi: b-lið viðauka I.
6. Við 21. gr. Í stað orðanna „fylgiskjali I“ í 2. mgr. komi: a-lið viðauka I.
7. Fylgiskjal I verður: Viðauki I.
8. Fylgiskjal II verður: Viðauki II.

**Prentað upp.**